

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ
UMH 08030035
Mótt. 10. APR. 2008
Brl.: 041-218-1 Áb.

Samningur milli Vestmannaeyjabæjar og umhverfisráðuneytisins um rekstur Náttúrustofu Suðurlands.

Vestmannaeyjabær, hér eftir nefndur rekstraraðili, og umhverfisráðuneytið gera með sér eftirfarandi samning um rekstur Náttúrustofu Suðurlands:

1. Náttúrustofa Suðurlands starfar í samræmi við lög nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, sbr. lög nr. 92/2002.
2. Náttúrustofa Suðurlands er aðili að Samtökum náttúrustofa, SNS, sem vinna að sameiginlegri uppbyggingu náttúrustofa á Íslandi.
3. Náttúrustofa Suðurlands kt 441096-2089 hefur aðsetur í Vestmannaeyjum. Náttúrustofa Suðurlands getur þó haft starfsstöðvar víðar ef rekstraraðili og stjórn Náttúrustofu koma sér saman um það.

Starfssvæði Náttúrustofunnar er Suðurland og liggja mörkin eins og mörk Suðurlandskjördæmis voru fram til 2002.

4. Náttúrustofan hefur það að markmiði að byggja upp þekkingu og rannsóknir á Suðurlandi og fá önnur sveitarfélög á því svæði til samstarfs.
5. Um hlutverk Náttúrustofu Suðurlands vísast til 11. gr. laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.
6. Ábyrgð á rekstri og starfsemi Náttúrustofunnar er hjá þeim sveitarfélögum sem gert hafa samning um rekstur hennar. Sveitarfélög sem eru aðilar að rekstrinum, eiga og reka Náttúrustofuna með stuðningi ríkisins. Eignir og verkefnaval Náttúrustofunnar eru þó undir hennar stjórn og umsjón.
7. Náttúrustofunni er heimilt að vinna verkefni utan síns starfssvæðis og veita öðrum sveitarfélögum en þeim sem að rekstri hennar standa þjónustu, enda komi fyrir greiðsla samkvæmt gjaldskrá sem stjórn Náttúrustofunnar setur.


Náttúrustofa Suðurlands skal skila inn til ráðuneytisins fyrir lok apríl ár hvert ársskýrslu og ársreikningi stofunnar.


8. Umhverfissráðuneytið skal funda reglubundið, en þó eigi sjaldnar en árlega, með forstöðumönnum náttúrustofa, formönnum stjórna náttúrustofa, Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun. Boða skal til fyrsta fundar á árinu 2008 þar sem farið er yfir þau verkefni sem ofangreindar stofnanir hafa falið náttúrustofum á grundvelli d- og e-liðar 11. gr. laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og samstarf þessara stofnana eins og getið er um í 9. gr. sömu laga.
9. Framlag ríkissjóðs til Náttúrustofunnar skv. fjárlagafrumvarpi ársins 2008 er 9,2 m.kr. Þar af eru 5,4 m.kr. til launakostnaðar, og 3,8 m.kr. til almenns rekstrar. Þessi upphæð mun hækka miðað við verðlagsþróun og í samræmi við forsendur fjárlaga hverju sinni. Framlög ríkisins skv. samningi þessum eru ákveðin með fyrirvara um samþykkt Alþingis á fjárlögum. Vestmannaeyjabær mun leggja fram a.m.k. 30% af framlagi ríkis til reksturs stofunnar ár hvert.

Samningur þessi er gerður á grundvelli 9. gr. laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur með síðari breytingum og gildir til ársloka 2012. Heimilt er báðum aðilum að óska eftir endurskoðun á samningnum á samningstíma. Í slíkum tilfellum er samningurinn uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara.

Reykjavík 10. mars 2008

Umhverfissráðuneytið,





Vestmannaeyjabær,

